



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2019

R19040235

310-1

Borgarráð

***Samkomulag Oddfellowreglunnar á Íslandi og Reykjavíkurborgar um minningarreit í Laugarnesi***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt samkomulag Oddfellowreglunnar á Íslandi og Reykjavíkurborgar um minningarreit um Holdsveikraspítalann í Laugarnesi.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samkomulag Oddfellowreglunnar á Íslandi og Reykjavíkurborgar um minningarreit í Laugarnesi, dags. 26. apríl 2019



## Samkomulag Oddfellowreglunnar á Íslandi og Reykjavíkurborgar um minningarreit í Laugarnesi

*Um árabíl hafa verið hugmyndir innan Oddfellowreglunnar á Íslandi um að viðhalda minningu um Holdsveikraspítalann í Laugarnesi, en spítalinn var gefinn íslensku þjóðinni af dönsku Oddfellowreglunni árið 1898. Með tilkomu Holdsveikraspítalans tókst að vinna bug á holdsveikinni á tæpum 80 árum en síðasti sjúklingurinn andaðist árið 1979. Holdsveikraspítalinn var fyrsta sérbyggða sjúkrahúsbyggingin á Íslandi og þar var upphaf hjúkrunnar með nútímahætti. Þau urðu örlög spítalans að brenna til grunna í apríl 1943.*

Nú hefur Oddfellowreglan fengið leyfi Minjastofnunar Íslands og Reykjavíkurborgar til þess að gera sýnilegar leifar hluta undirstöðuveggja byggingarinnar og setja upp upplýsingaskilti um spítalann.

Tillaga um gerð minningarreitsins var gerð af Þráni Haukssyni landlagsarkitekt hjá arkitektastofunni Landslag og byggir hún á frumtillögu þriggja arkitekta.

Oddfellowreglan mun annast og kosta gerð minningarreits í Laugarnesi og uppsetningu upplýsingaskiltis. Oddfellowreglan skuldbindur sig til þess að fylgja lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og vinna verkið samkvæmt uppdráttum dagsettum 5. mars 2019 og þeim skilyrðum sem sett hafa verið vegna framkvæmdarinnar m.a. skilyrðum Minjastofnunar Íslands, sbr. bréf dags. 29. mars 2019. Áformað er að verkinu verði fulllokið eigi síðar en 22. september 2019.

Að verki loknu mun Oddfellowreglan afhenda Reykjavíkurborg minningarreitinn til eignar og mun Reykjavíkurborg annast umsjá hans og viðhald á eigin kostnað.

Reykjavík 26. apríl 2019

---

Guðmundur Eiríksson,  
stórsír Oddfellowreglunnar á Íslandi



---

Dagur B. Eggertsson,  
borgarstjóri í Reykjavík



---

Guðmundur Þórhallsson,  
höfuðpatriarki Ob. nr. 1, Petrus

